

Fiskeldi Austfjarða hf. (áður Laxar ehf.)
Strandgötu 18
735 Eskifirði

Akureyri, 23.7.2024
UST202401-331/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 18.06.2024 - Fiskeldi Austfjarða hf., Lóni, Kelduhverfi ID154

Þann 18. júní sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða hf., Lóni, Kelduhverfi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit, árið 2023 en tvær ábendingar voru settar fram er varða að frágangi vegna kvíaeldis er ekki lokið og að senda þarf inn endurskoðaða vöktunaráætlun. Frágangur vegna kvíaeldisins mun taka lengri tíma og er enn í vinnslu og vöktunaráætlun hefur ekki verið endurskoðuð og er því sett frávik þar um.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ábending er sett fram um að huga þurfi að tæmingu úr setþróum þar sem uppsöfnun í þeim er orðin töluverð og gæti farið að skerða hreinsunarvirkni þeirra. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila frá 5. júlí sl. kemur fram að strax hafi verið hafist handa við hreinsun settjarnarinnar og sú vinna sé langt komin. Verður hreinsunin tekin út í næsta eftirliti.**
2. Ábending er sett fram um að huga þurfi að árekstravörn við olúgeymi þegar framkvæmdum við hann er lokið. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila frá 5. júlí sl. kemur fram að árekstrarvarnir verði settar upp við olúgeymi um leið og framkvæmdum við hann er lokið.**

Þrjú frávik komu fram er varða:

1. Gr. 1.5 og gr. 4.1 í starfsleyfi. Enn er töluvert af búnaði og rusli tengdu aflögðu kvíaeldi í Lóninu til staðar, við geymslusvæði suðaustur af Lóninu og í kringum skemmu. Fjarlægja þarf búnaðinn og koma í viðeigandi geymslu eða förgun. Ekki hefur verið brugðist við ábendingu frá síðasta eftirliti með fullnægjandi hætti og er því sett frávik hér um. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila frá 5. júlí sl. kemur fram að áfram verið unnið að hreinsun svæðisins en reiknað sé**

með að það taki einhvern tíma til viðbótar. Verður hreinsunin tekin út í næsta eftirliti.

- 2.** Gr. 5.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins. Breytingar hafa verið gerðar á rekstri stöðvarinnar sem valda því að eldri vöktunaráætlun gefur ekki rétta mynd af vöktunarpörf umhverfisins. Uppfæra þarf vöktunaráætlun og senda til eftirlitsaðila. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila frá 5. júlí sl. er vinna við nýja vöktunaráætlun hafin. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila afrit af áætluninni um leið og hún berst.**
- 3.** Gr. 5.1 í starfsleyfi og vöktunaráætlun. Þar til ný vöktunaráætlun hefur borist eftirlitsaðila skal fylgja áður samþykktri vöktunaráætlun og skv. henni skal vakta Lónið skv. viðauka 1 vöktunaráætlunarinnar og senda niðurstöður vöktunar til eftirlitsaðila. Vöktunarskýrsla fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila frá 5. júlí sl. verður unnið eftir nýrri vöktunaráætlun um leið og hún er tilbúin. Rekstraraðili er minntur á að vinna skuli eftir núgildandi áætlun, þangað til ný áætlun er tilbúin.**

Umhverfisstofnun hefur móttakið úrbótaáætlun rekstraraðila og samþykkir hana. Verða úrbætur teknar út í næsta eftirliti og er rekstraraðili minntur á að senda inn þau gögn sem við á, um leið og þau berast rekstraraðila s.s. nýja vöktunaráætlun.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Kristín Kröyer
sérfræðingur